

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 27/2020

2023/EES/13/27

frá 7. febrúar 2020

um breytingu á XVII. viðauka við EES-samninginn (Hugverkaréttindi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2436 frá 16. desember 2015 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vörumerki ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjttð. ESB L 110, 26.4.2016, bls. 5.
- 2) Tilskipun (ESB) 2015/2436 fellir úr gildi, frá og með 15. janúar 2019, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XVII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka XVII. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir 13. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/943):

„14. **32015 L 2436:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2436 frá 16. desember 2015 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vörumerki (Stjttð. ESB L 336, 23.12.2015, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjttð. ESB L 110, 26.4.2016, bls. 5.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í i-lið 1. mgr. 4. gr. og l-lið 1. mgr. 4. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, kemur „EES-löggjöf eða innlendum lögum viðkomandi EFTA-ríkis“ í stað „löggjöf Sambandsins eða landslögum hlutaðeigandi aðildarríkis“. Í stað „alþjóðasamningum sem Sambandið eða hlutaðeigandi aðildarríki eiga aðild að“ kemur „alþjóðasamningum sem hlutaðeigandi EFTA-ríki á aðild að“.
- b) Í j-lið 1. mgr. 4. gr. og k-lið 1. mgr. 4. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, kemur „EES-löggjöf eða alþjóðasamningum sem hlutaðeigandi EFTA-ríki á aðild að“ í stað „löggjöf Sambandsins eða alþjóðasamningum, sem Sambandið á aðild að“.
- c) Í a-lið 3. mgr. 4. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, kemur „öðrum lögum en vörumerkjälögum sem gilda í viðkomandi EFTA-ríki eða EES-samningnum“ í stað „öðrum lögum en vörumerkjälögum í viðkomandi aðildarríki eða Sambandinu“.
- d) Í i-lið a-liðar 2. mgr., b-lið 2. mgr. og a-lið 3. mgr. 5. gr., 6. gr., 2. mgr. 18. gr., 3. mgr. 44. gr. og 5. mgr. 46. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, gilda ákvæðin sem varða Evrópuvörumerki ekki um EFTA-ríkin nema Evrópuvörumerkið taki til þeirra.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 336, 23.12.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttð. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 25.

e) Í c-lið 3. mgr. 5. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, kemur „EES-löggjöf eða lögum viðkomandi EFTA-ríkis“ í stað „löggjöf Sambandsins eða landslögum hlutaðeigandi aðildarríkis“.

f) Ákvæði 4. mgr. 10. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.“

2. Texti liðar 9h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2015/2436, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 110, 26.4.2016, bls. 5, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.